



Almannavarnir Árnæssýslu

2.2.2011
KEI/kei/jgv

7. fundur **framkvæmdaráðs** Almannavarna Árnæssýslu, haldinn þriðjudaginn 2. febrúar 2011 kl: 11.00 að Austurvegi 2, Selfossi.

Mættir: Ásta Stefánsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ólafur Helgi Kjartansson, Oddur Árnason, Pétur Pétursson og Kristján Einarsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkefni framundan

Ólafur spurðist fyrir um þau verkefni sem fyrirhuguð voru og samþykkt á síðasta fundi A.Á að vinna að. Um var að ræða væntanlegt námskeið fyrir vettvangsstjóra og skrifborðsæfingu fyrir nefndarfólk A.Á.

Kristján greindi frá því að hann hefði sett sig í sambandi við Víði Reynisson hjá Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra strax eftir fundinn í október s.l. en viðbrögðin hafi mátt vera meiri af ýmsum ástæðum. Fundarmenn töldu nauðsynlegt að flýta vettvangsstjóranámskeiðinu eins og kostur væri þar sem þeir aðilar sem valdir hafa verið til þess að vera útverðir AÁ á hinum ýmsu stöðum í sýslunni þyrftu að fá fræðslu og betri tengingu við starf A.Á.

Rætt var um að það þyrfti að senda öllum sveitarstjórnnum í sýslunni bréf og fara fram á að þau hvert um sig kostuðu sína fulltrúa á væntanlegt námskeið. Þá var rætt um nauðsyn á skrifborðsæfingu fyrir nefndina sem lið í að bæta viðbrögð A.Á þó nefndin væri betur í stakk búinn að takast á áföll í ljósi reynslunnar.

Niðurstaða:

Kristjáni falið í samráði við formann að útbúa bréf sem sent yrði til allra sveitarfélaga vegna námskeiðs fyrir vettvangsstjóra.

Samþykkt að Ólafur og Kristján hefðu samband við Víði hjá Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og ítrekuðu námskeiðshaldið, bæði vegna vettvangsstjórana og skrifborðsæfingu A.Á.

Samþykkt að ef ekki getur orðið af námskeiði á vegum ADR yrði leitað annarra leiða til að halda námskeiðið.

2. Viðbragðsáætlun fyrir sveitarfélög um endurreisn eftir náttúruhamfarir.

Kristján kynnti beiðni Herdísar Sigurjónsdóttur um að A.Á væri milliliður um að kynna fyrir sveitarfélögum viðbragðsáætlanir um endurreisn sveitarfélaga/samfélaga eftir náttúruhamfarir.

Fundarmenn sammála að bjóða Hersísi á fund með A.Á til að kynna málið.

3. Fastur fundartími

Rætt var að koma á föstum fundartíma fyrir A.Á og í því sambandi að fundað yrði annan hvern mánuð nema í sumarfríi.

Kristjáni falið að leggja fram tillögu og senda til fundarmanna til samþykktar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12.20

Ásta Stefánsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir,
Ólafur Helgi Kjartansson, Oddur Árnason, Kristján Einarsson